

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**174. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **4. febrúar 2010 kl. 16:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

## Dagskrá :

1. Erindi Rósu S. Jónsdóttur.
2. Erindi eigenda Brekkugötu 2, á Hvammstanga.

## Tekið á dagsskrá

3. Stofnun lóða á Reykjatanga.

## Afgreiðslur:

1. Umsókn frá Rósu S. Jónsdóttur kt.210660-4299 um byggingarleyfi fyrir sumarhús sem flytja á frá Litla-Ósi á nýja lóð (Inr.218863) í landi Neðra-Núps í Húnaþingi vestra sbr. mf. teikningar 000 dags.09.12.2009 og teikn. nr. 001, 002, 003, 004, 005, og 006 dags. 08.12.2009, gerðar af Rafni Kristjánssyni Verkfræðistofunni Verkís ehf. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn og jákvæð meðmæli Skipulagsstofnunnar.
2. Fulltrúar eigenda Brekkugötu 2, á Hvammstanga rekja í erindi sínu þá framkvæmd sem þeir ákváðu að ráðast í vegna frárennismála frá húsinu þegar notkun þess var breytt þ.e. Selasetur Íslands hóf starfsemi m.a. í kjallara hússins. Í erindinu er farið fram á að Húnaþing vestra endurgreiði þann kostnað sem til féll vegna þessa. Umsögn Skipulags- og umhverfisráðs: Meginregla varðandi frárennsli frá íbúðarlóðum og öðrum lóðum á Hvammstanga er eftirfarandi: Fráveitan leggur til einn stút í lóðarmörk og húseigandi/lóðarhafi tengir frárennisliskerfi hússins í þann stút og ber af því kostnað. Ef frávik eru á t.d. frárennsli úr kjallara sem ekki passar við hæðarkerfi veitunnar þá ber húseigandi/lóðarhafi allan kostnað við tengingu þess við veitukerfi sveitarfélagsins t.d. ef dælingar er þörf. Bent skal á að húseigandi getur ekki breytt notkun húss sem leiðir til þess að breytinga er þörf á veitukerfi sveitarfélagsins og ætlað því að greiða þann kostnað. Ráðið leggur til að þeirri meginreglu sem hér að framan er lýst verði fylgt og erindi eigenda Brekkugötu 2 því hafnað. Jóhannes Erlendsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

## Tekið á Dagskrá.

3. Forstöðumaður tæknideildar leggur fram tillögu að stofnun lóða á Reykjatanga Inr. 191242 við Hrutafjörð. Lóð fyrir dæluhús og heiti lóðar: Skólavegur 8, stærð 225 m<sup>2</sup>. Lóð fyrir Byggðasafn og heiti lóðar: Reykjaskólavegur 6, stærð 8070 m<sup>2</sup>. Lóð fyrir Hveravík og heiti lóðar: Víkurvegur 5, stærð 1207 m<sup>2</sup> Ráðið samþykkir tillöguna.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 18:15.  
Guðmundur St. Sigurðsson(sign).  
Jóhannes Erlendsson(sign).  
Erla Björg Kristinsdóttir(sign).  
Elías Guðmundsson(sign).  
Halldór Sigfússon(sign.).  
Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign).  
Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign).  
Pétur Arnarson Slökkviliðsstjóri(sign)

Pétur vék af fundinum eftir afgreiðslu 1.máls.